



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Borg

2021 – 2022



SAMAN BYGGJUM VIÐ BORG

Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2020-2021	4
3 Innra mat sérkennslu.....	8
5 Innra mat – fjöltyngd börn	8
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	10
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	10
8 Foreldrasamvinna.....	11
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	12
10 Fylgigögn.....	13
10.1 Fylgiskjal 1 – Leikskóladagatal	13
10.2 Fylgiskjal 2 – niðurstöður úr Foreldrakönnun 2021	13
10.3 Fylgiskjal 3 – niðurstöður úr starfmannakönnun 2021	13
10.4 Fylgiskjal 4 - Umsögn foreldraráðs	13



Leiðarljós leikskólans

Virðing – Ábyrgð - Umhyggja

1 Greinargerð leikskólastjóra

Það er skrítið skólaár að baki. Eins og ekki hefur farið fram hjá neinum, setti heimsfaraldur Covid-19 strik í allt skólahald. Aðkoma foreldra inn í skólann var takmörkuð að langmestu leyti og allt venjulegt starf í leikskólanum var með óhefðbundnum hætti. Þetta var afturför þar sem við höfum unnið hörðum höndum að góðu og farsælu foreldrasamstarfi og óskað eftir því að foreldrar komi í leikskólann og sýni starfinu áhuga. Starfsmenn þurftu einnig að vinna undir gríðarlegu álagi þar sem skipta þurfti upp starfinu innanhúss, oft með skömmum fyrirvara. Þar má sem dæmi nefna að hólfaskipting var viðvarandi meirihluta skólaársins þar sem starfsfólk skipti sér á tvær kaffistofur í hvoru húsi. Þar af leiðandi hittist starfsfólk lítið sem ekkert nema þeir sem voru í sama hólfi. Það má með sanni segja að elja og þrautseigja hafi einkennt vinnubrögð starfsfólks. Að sama skapi var skilningur og virðing foreldra á óhefðbundnu skólastarfi mikill og við starfsfólkið kunnum þeim bestu þakkir fyrir. Það er von okkar að komandi skólaár 2021-2022 verði með hefðbundnara sniði.

Leikskólinn Borg tók þátt í þróunarverkefni leik- og grunnskóla Bakkahverfis í Breiðholti ásamt frístund og félagsmiðstöð þar. Þróunarverkefninu þáð þarf þorp ... er ætlað að tengja saman starfsfólk stofnana í hverfinu, byggja upp vaxandi hugarfar með jákvæðri orðræðu, sem stuðlar að aukinni félagsfærni og sjálfsefningu barnanna, starfsfólksins og foreldra þeirra. Þróunarverkefnið hlaut Hvatningaverðlaun skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur fyrir skólaárið 2020-21, að auki fékk leikskólinn Borg verðlaun fyrir að eiga frumkvæðið að þessu verkefni. Haldið verður áfram með verkefnið skólaárið 2021-22, en áætluð verklok þess eru vorið 2024.



2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2020-2021

Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Félagsleg staða hvers barns í Borg/Verkfærakista KVAN	Með verkfæri úr Verkfærakistu KVAN	Starfsmenn allra deilda	Félagsleg staða hvers barns kom í ljós og gaf starfsfólki tækifæri á að vinna með hvern og einn einstakling.
Vináttuverkefni Barnaheilla	Stöðufundir á deildarfundum	Starfsfólk deilda	Innleiðing á verkefninu er hafin og gengur vel. Verkefnið er einfalt og hagnýtt.
Starfsmannakönnun	Með spurningakönnun sem send var rafrænt á netfang starfsfólks.	Starfsfólk og stjórnendur í Borg	Almenn starfsánægja er á uppleið frá fyrra ári. Það sem þarf að bæta er upplýsingagjöf til starfsmanna og að draga úr álagi eins og hægt er í vinnunni.



Ytra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Foreldrakönnun	Spurningakönnun send út vorið 2021 af Skóla- og frístundasviði.	Foreldrar barnanna	Heilt yfir ríkir mikil ánægja með leikskólann og starfið. Við megum bæta okkur í því að kynna stefnu okkar og áherslur í starfi betur fyrir foreldra.



Umbótaáætlun leikskólans 2021-2022

UMBÓTAÞÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifær i til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
Stjórnun							
Aukið upplýsingaflæði til starfsmanna	Að starfsmenn og stjórnendur séu upplýstari um starfsemi leikskólans.	Boðleiðir verði skýrari og deildastjórafundir verði vikulega. Stjórnendur fari yfir sína vikuáætlun með deildarstjórum í upphafi viku.	Stjórnenda- teymi og starfsfólk	Ágúst 2021	Mai 2022	Í viðhorfskönnun starfsfólks. Einnig rætt um þetta á deildarstjórafundum.	Að starfsfólk upplifi sig vel upplýst um hvað er á döfinni hverju sinni.
Uppeldis- og menntastarf							
Stefna og áherslur í starfi	Að foreldrar séu upplýstari um stefnu og áherslur sem við vinnum með.	Senda foreldrum upplýsingapósta og auka sýnileika starfsins t.d. í gegnum Völu.	Stjórnendur og deildarstjóra r	Ágúst 2021	Mai 2022	Með foreldrakönnun	Að þættir sem snúa að vitneskju foreldra um stefnu og áherslur í starfi skori hærra.
Verkfærakista KVAN	Nota verkfærin sem starfsfólk hefur lært áfram í starfi.	Með því að halda áfram að senda fólk á námskeið og viðhalda kunnáttu hjá þeim sem hafa farið. Nota deildarfundir til að vinna með verkfærakistuna.	Stjórnendur og starfsfólk	Ágúst 2021	Mai 2022	Samræður á deildarfundum, sýnileika verkefnisins og gögn sem safnast með vinnu við verkfærakistuna.	Að sem flestar börn skori á grænu svæði varðandi félagslega stöðu.
Vináttuverkefni Barnaheilla	Nota verkfærin sem starfsfólk	Með því að halda áfram að senda fólk á námskeið og viðhalda kunnáttu hjá þeim sem hafa	Stjórnendur og starfsfólk	Ágúst 2021	Mai 2022	Samræður á deildarfundum, sýnileika verkefnisins og gögn sem safnast með vinnu með Blæ.	Að blær verði sýnilegur í starfi og



	hefur lært áfram í starfi.	farið. Notað deildarfundir til að vinna með vináttuverkefnið Blæ.					öllum kunnugur.
Mannauður/ Leikskólabragur							
Forvarnir gegn streitu og álagi	Að starfsmenn upplifi minna álag og streitu í starfi. Að starfsfólk hafi bjargir til að takast á við streitu og álag á heilbrigðan hátt.	Fyrirlestur um aðgerðir hvers og eins til að minnka streitu og álag, einnig að skilja á milli einkalífs og vinnu. Regluleg samtöl við starfsmenn um líðan í starfi.	Stjórnendur	Ágúst 2021	Janúar 2022	Umræður á deildarfundum, starfsmannafundum og einstaklingssamtölum við starfsmenn.	Að starfsfólki hlakki til að mæta í vinnu án þess að upplifa kvíða.
Innra mat							



3 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2020-2021

Skipulagning sérkennslu 2020-2021 Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?	Sérkennsla er skipulögð af sérkennslustjóra í samvinnu við leikskólastjórnendur. Aðstæður á deildum og staða barns hverju sinni eru skoðaðar og skipulag miða við það.
Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS, HLJÓM-2, EFI og fl.	Hljóm er tekið hjá öllum börnum í elsta árgangi og EFI hjá þriggja ára. Unnið er út frá niðurstöðunum - TRAS og AEPS er notað eftir þörfum og þá í umsjón sérkennslustjóra
Hvaða námsefni var notað? Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?	Í flestum tilfellum eru það námsgögn leikskólans en einstaka hjálpargögn keypt þegar við á.

Umbótaáætlun sérkennslu 2021-2022

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur

5 Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2020-2021

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Í hvoru skólahúsnæði fyrir sig er 25% staða sem nýtt er til málörvandi stunda með börnum
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Börn fara í einstaklingstíma og hópatíma í sérstaka málörvun. Við notum verkfærakistu KVANS, Vináttuverkefni Barnaheilla og Lubbi finnur málbeinið ásamt hefðbundnu leikskólastarfi

Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Lestrar- og söngstundir ásamt meðvitund um innihaldsríkar samræður og að setja orð á athafnir. Útbúnar hafa verið margar góðar loðtöflusögur.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Hefur ekki verið gert markvisst, en sá sem sér um málörvunarstundir fylgist með stöðunni. Annars er stuðst við EFI, Hjólm-2, TRAS.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Sérstaklega hjá elstu börnunum. Einnig eru Vinuáttuverkefni og Lubbi finnur málbeinið góður vettvangur fyrir virkni barna í þáttum máls. Þessi atriði eru í sífelldri umræðu meðal starfsmanna.

Umbótaáætlun –fjöltyngi 2021-2022

UMBÓTAÞÁTTUR/ UR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
	Meta stöðu fjöltyngdra barna	Nota „Hæfniramma í íslensku“	Sérkemmslustjóri, deildastjóri og verkefnastjóri málörvunar.	Október 2021	Maí 2022	Að til sé útfylltur hæfniramma fyrir hvert fjöltyngt barn	Að staða barnanna sé kortlög til að hægt sé að setja markmið fyrir áframhaldandi nám.

6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl fóru fram í vor og voru þau í formi snerpusamtala.

Fræðsla:

Fræðsla frá KVAN fyrir deildastjóra og reynda starfsmenn 8 skipti – fræðslan var sameiginleg leik- og grunnskólum Bakkahverfis og tengist þróunarverkefninu Það þarf þorp...

Fyrirlestrar fyrir allt starfsfólk á skipulagsdögum: Í október 2020 Anna með Peppfyrirlestur fyrir starfsfólk eftir erfiða tíma með Covid o.fl.

Í febrúar 2021 Fyrirlestur frá Nicole um Fjölmenningsstarf í leikskóla

Í mars 2021 fyrirlestur Sigurbaldurs um Opinn efnivið

Í maí fræðsludagskrá Skóla- og frístundasvið

Skólaárið 2021 – 22 er stefnt að: Skyndihjálparnámskeiði fyrir allt starfsfólk - námskeið fyrir þá sem eiga eftir að fara hjá HVAN um verkfærakistuna – tveir starfsmenn fara á námskeiðið Tákn með tali

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Covid faraldurinn hefur haft og mun e.t.v. hafa áhrif á fasta samvinnuskipulagið, sem annars var komið í fastar skorður.

Leik- og grunnskólar Bakkahverfis ásamt frístund vinna saman að þróunarverkefninu Það þarf þorp.. Verkefninu er ætlað að efla félagsfærni og sjálfshjálp hjá börnum hverfisins þar sem allt skóla- og frístundarstarf í hverfinu tekur þátt og notar sömu verkfæri.

Við munum halda sem fastast í eftirfarandi samstarfsáætlun sem hefur verið gerð milli leik- og grunnskóla í Bakkahverfi.

Tími	Viðburður
Oktober	Nemendur leikskóla koma og leika á skólalóð Breiðholtsskóla Leikskólabörn fara um skólahúsnæði í ratleik. 1. bekkur fer í heimsókn í leiksk. og leikur á lóðinni
Oktober	Val í unglingadeild hefst. Unglingar í vali í Breiðholtsskóla koma einu sinni í viku í tvo tíma í senn og kynnst starfinu á leikskólanum
Nóv. – desember Hefst á degi ísl. tungu	Fastir lestrardagar vikulega – 7. bekkur ca kl. 10:10 samráð um daga. ○ 4 deildir í Bakkaborg – 8 nemendur ○ 2 deildir í Arnarborg – 4 nemendur ○ 2 deildir í Fálkaborg - 4 nemendur

Desember	Leikskólar og 1.bekkur með skemmtun á sal í Breiðholtsskóla - Jólasöngvar í Breiðholtsskóla á aðventu (höfum samband) söngstund á sal - Jólasamvera – skemmtiatriði frá hópum og helgileikur, veitingar í lokin.
Janúar	Stjórnendafundur - skipulag samstarfs Heimsókn leikskólabarna í íþróttatíma hjá 1.bekk
Febrúar	Nemendur í 1.bekk heimsækja leikskóla og m.a. sýna hvað er í skólatöskunni.
Febrúar - mars	Leikskólabörn heimsækja skólustjóra Breiðholtsskóla og ræða um sjálfstæði, sjálfshjálpi, hegðun og reglur í skólanum.
Febrúar - mars	Nemendur leikskóla koma í 4-5 manna hópum í heimsókn í Breiðholtsskóla í frímínútur, 2 kennslustundir og borða í matartímanum.
Mars	Leikskólabörn heimsækja frístundaheimilið Bakkasel
Apríl	Breiðholtsskóli býður á leiksýningar nemenda yngri deilda
Maí	Foreldrar og nemendum er boðið í Breiðholtsskóla á skólafærninámskeið. Vorskóli Leikskólabörnum boðið á vorhátíð Breiðholtsskóla Leikskólabörn koma og skoða sundlaugin. Leikskólabörn halda útskrift á sal Breiðholtsskóla
Ágúst	Nemendur mæta ásamt foreldrum sínum í viðtal til umsjónarkennara í upphafi skólaárs. Stjórnendafundur – skipulag samstarfs
September	Foreldrar boðaðir á seinni hluta skólafærninámskeiðs og kynningu á skólanum.

8 Foreldrasamvinna

Foreldrasamvinna hefur einkennst að faraldrinum og því verið af skörum skammti allt síðasta ár. Vonandi stendur það til bóta og við tökum upp þráðinn en skipulag samstarfsins var komið í fast horf sem allir voru sáttir við. Alltaf þarf þó að meta hvort við erum á réttri leið og sjá til þess að samstarfið þróist með nýjum foreldrum.

Á skólaárinu 2021-2022 er stefnt á meiri foreldrasamvinnu en verið hefur síðasta ár. Á döfinni er aðventukaffiboð fyrir foreldra í desember, að því gefnu að aðstæður varðandi Covid-19 breytist ekki mikið. Einnig stefnt á fjölskyldukaffi á vordögum 2022.

Foreldraviðtöl verða í mars/apríl 2022 hvort sem þau verða rafræn eða auglitis til auglitis.

Foreldrafélögin í leikskólanum Borg hafa jafnframt staðið sig með sóma varðandi að skipuleggja viðburði eins og páskaeggjaleit fyrir páska og sumarhátíð sem hefur verið í vikunni fyrir 17. júní ár hvert. Þessir viðburðir hafa verið aðlagðir aðstæðum hverju sinni og við gerum ráð fyrir að starfsfólk og foreldrafélagið verði í sambandi með skipulagningu á álíka viðburðum á vormánuðum 2022.

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Á síðasta skólaári fór töluverður tími af skipulagsdögum í að ræða og útfæra styttingu vinnuvikunnar, sem óhjákvæmilega hefur verið töluverð skipulagsvinna. Einnig voru dagarnir vel nýtti til fræðslu allra starfsmann sem og samþættingar starfs leikskólans Borgar. Á þessu skólaári stefnum við á að nýta þá til fræðslu og enn frekari umræðna, mat og skipulag innra starfs okkar. Markmiðið er alltaf að gera okkar besta í að halda uppi metnaðarfullu, faglegu og glaðlegu leikskólastarfi.

Skipulagsdagar 2021 – 2022 verða:

23. ágúst 2021
1. október 2021
26. nóvember 2021
3. janúar 2022
18. mars 2022
6. maí 2022

Leikskóladagatal 2021-2022 er fylgiskjal starfsáætlunarinnar og hefur jafnframt verið sent til allra foreldra.



10 Fylgigögn

10.1 Fylgiskjal 1 – Leikskóladagatal

10.2 Fylgiskjal 2 – niðurstöður úr Foreldrakönnun 2021

10.3 Fylgiskjal 3 – niðurstöður úr starfmannakönnun 2021

10.4 Fylgiskjal 4 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans Borgar



Leikskólastjóri

Dagsetning 15.11.2021



Starfsáætlun 2021 – 2022
Leikskólinn Borg

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Anna Sigrún Guðmundsdóttir

Hafdís Ósk Baldursdóttir

Saga Ólafsdóttir

Svanborg Sif Sigurjónsdóttir

Um starfsáætlanir leikskóla



Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.



Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

Foreldraráð hefur lesið yfir starfsáætlun Borgar og er hún hér með samþykkt. Stjórnendur og starfsmenn Borgar hefur staðið sig frábærlega á tímum samkomubanna, og þar með skertra samskipta við foreldra. Með von um að foreldra samstarfið fari að komast í eðlilegt horf.



